



Sýslumannaráð

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvið@althingi.is

Sýslumannaráð veur hér með athygli á umsögn fagráðs í fjölskyldumálum sem unnin var og komið á framfæri við framlagningu frumvarpsins á 151. löggjafarþingi (mál nr. 646), nú endurflutt 163. mál á 152. löggjafarþingi.

1. gr. – Aldur hjónaefna, 18 ár án undantekninga.

Breyting þessi er löngu tímabær og kemur á óvart að undanþágur hafi verið veittar allt fram til ársins 2016.

2. gr. – Beiðni um samþykki fyrir því að lögræðissviptur aðili geti gengið í hjónaband.

Greinin felur væntanlega í sér að aðili sem er sviptur annaðhvort fjárræði eða sjálfræði þurfi samþykki lögráðamanns til að ganga í hjónaband. Það hlýtur að vera ástæða til að skoða tilefni þess að hindra þann sem er sviptur sjálfræði að ganga í hjónaband.

3. gr. – Beiðni um undanþágu frá því skilyrði að skipti séu komin af stað eða sé lokið áður en gengið er í hjónaband að nýju.

Almennt ætti að skoða þetta skilyrði fyrir því að ganga í hjónaband. Hér hljóta aðilar sjálfir einnig að bera frumábyrgð á skipan fjármála sinna og á grundvelli slíks sjónarmiðs væri hægt að afnema skilyrði þetta. Einnig er bent á að í framkvæmdinni er erfitt að ganga eftir þessu skilyrði varðandi erlendis búsetta aðila sem óska könnunar hjónavísgluskilyrða.

4. gr. Beiðni um undanþágu vegna eins svaramanns.

Lagt er til að einfalda hér regluna, í stað þess að búa til undantekningarreglu, og segja í lögnum að svaramenn geti verið einn eða tveir.

5. gr. – Könnunarvottorð alfarið hjá sýslumönnum.

Tekið er undir þessa breytingu.

Svo sem áður hefur komið fram þarf að skoða heildrænt hvemig sýslumaður getur aflað upplýsinga úr þjóðskrá sem nauðsynlegar eru vegna ýmissa afgreiðslna hjá embættunum. Einstaklingar þurfa nú að afla vottorða ÞÍ, greiða fyrir þau og miðla þeim síðan til sýslumanns. Styttri leið að markinu ætti að vera möguleg, þ.e. að kerfi sýslumanna fengju upplýsingar úr kerfi

ÞÍ, þegar á þarf að halda. Ath. að skv. 36. gr. stjórnsýslulaga er ekki nægilegt að sýslumaður hafi uppflettiðgang, hægt þarf að vera að sannreyna fengnar upplýsingar síðar.

Jákvætt að gera gjaldtöku mögulega, en bent á að kr. 4.500 er lág upphæð miðað við verkið. Hjónavígsla hjá sýslumanni kostar 10.000 og teljum við þama vera misræmi, þ.e. að meiri vinna felist í könnuninni heldur en vígslunni sjálfri. Hér þarf líka að benda á heildarkostnað fólksins. Þegar um innlenda aðila er að ræða er heildarkostnaður við vottorð ÞÍ samtals kr. 11.000, eða tvöfalt hærri en gjald til sýslumanns fyrir að kanna hvort hjónavígsluskilyrði eru uppfyllt. Að viðbætti hjónavígslunni sjálfri er heildarkostnaður við að gifta sig hjá sýslumanni kr. 25.500.

Lagt er til að regla um að hjónaefni sem ekki búa hérlendis geti leitað til sýslumanns að eigin vali, eða til þess sýslumanns sem mun annast hjónavígsluna. Það virkar ekki í framkvæmd að miða við hvar aðili „dvelst“, ferðamenn eru ekki endilega með einn dvalarstað í Íslandsferð sinni.

6. gr. – Viðurkenning á hjónavígslu sem framkvæmd er erlendis.

Ekki er tekið undir að rétt sé að hafa undantekningu frá 18 ára reglu, þ.e. við teljum að hafna eigi skráningu hjúskapar hjá ÞÍ ef fram kemur að hjónaefni var yngri en 18 ára þegar til hjúskapar var stofnað.

Að lágmarki hlýtur að eiga að takmarka möguleika á undanþágu við hjónabönd sem stofnuð voru fyrir gildistöku þessara laga og einnig að áskilja að umsækjendur verði báðir að vera orðnir 18 ára þegar umsókn er lögð fram, enda hljóta reglur þessar að eiga að styðja við þá alþjóðlegu stefnu að afnema barnahjónabönd.

Í greinargerð eru engin haldbær leiðsögn um mat á „ótvíræðum hagsmunum“. Aðeins er minnst á að aldur aðila og tími frá hjónavígslu komi til skoðunar. Beiðni um undantekningu gæti einnig verið byggð á tilfinningalegum hagsmunum, þ.e. að menning viðkomandi sé virt. Ekki er hægt af textanum að ráða í hvort slík atriði geti talist „ótvíræðir hagsmunir“. Synjun á því að skrá hjúskap á Íslandi getur ekki raskað þeirra hjúskaparstöðu í heimalandinu, í ljósi þess og þess hve fólk á greiðan aðgang að því að ganga í hjónaband á Íslandi, er erfitt að sjá að hinir „ótvíræðu hagsmunir“ geti verið fyrir hendi og undantekningarákvæðið því tilefnislaust auk þess sem það gengur gegn reglu sem ætti að vera án undantekninga.

Í 3. mgr. er svo regla um að hjónaband sem gangi gegn ordre public eða allsherjarreglu eigi ekki að viðurkenna. Engin texti er í greinargerð til leiðsagnar um þau atriði sem þar gætu komið til skoðunar.

Ekki er vikið að málsmeðferð hjá sýslumanni í greinargerð eða lagatexta og væri æskilegt að bæta úr því. Rannsókn hlýtur m.a. að beinast að því hvort hjónabandið hafi verið samþykkt þegar til þess var stofnað, þannig að viðtöl við aðila sitt í hvoru lagi hljóta að vera nauðsynleg. Ekki kemur fram að Þjóðskrá eða öðrum stofnunum og aðilum beri að afhenda sýslumanni gögn og upplýsingar í þágu málsins. Torsótt gæti reynst fyrir sýslumann að afla áreiðanlegra upplýsinga um réttarreglur í upprunalandinu. Úrlausn á alltaf að veita í formi úrskurðar, en aðeins úrskurður um synjun er kærانlegur.

7. og 8. gr. – Lögsaga á grundvelli hjónavígslu hérlendis.

Ekki verður séð að skilnaður veittur hér á grundvelli þessara ákvæða yrði heldur viðurkenndur í heimalandi viðkomandi. Ekki er í fljótu bragði hægt að sjá hvaða vandamál slíkur skilnaður hér geti leyst.



Sýslumannaráð

Varðandi reglu um að lögsaga sé bundin við að leitt hafi verið í ljós að stefnandi geti ekki höfðað mál í því landi sem hann á ríkisfang eða er búsettur. Hér gæti þurft að leiða í ljós réttarreglur í tveimur ríkjum, ríkisfangs- og búseturíki. Óvíst er að þau ríki sem ekki leyfa hjónaband samkynhneigðra, sýni gott samstarf þegar kemur að því að afla upplýsinga í tilefni af slíkum skilnaði. Þá er vert að geta þess að upplýsingaöflun aðilanna sjálfra, gæti í einhverjum ríkjum reynst þeim hættuleg.

Hér skal því bent á þann möguleika, ef svona lögsögu á að opna, að setja frekar almenna reglu um að mögulegt sé fyrir þá sem hafa gengið í hjónaband hérlendis, að höfða skilnaðarmál fyrir dómstólum hérlendis. Ekki sé þá gerður fyrirvari um möguleika á málshöfðun annarsstaðar. Ekki verður séð að nauðsyn þess að sýslumenn hafi einnig lögsögu. Bent er á í því sambandi að nú þegar er munur á lögsögureglum dómstóla og sýslumanna og eru lögsögureglur dómstóla rýmri og ná yfir tilvik sem sjaldnar koma upp.

9. gr. Að einn sýslumaður annist könnun og viðurkenningarmál.

Fagráðið er sammála þeirri breytingu að heimilt verði að fela einu embætti sýslumanns könnun hjónavigsluskilyrða. Slík heimild á landsvísu er í góðu samræmi við þá framtíðarsýn sem ráðuneytið hefur boðað í skýrslunni Sýslumenn – umbætur á þjónustu og rekstri og telur fagráðið eðlilegt að nánari útfærsla verkefna verði unnin í nánum tengslum við þá sýn sem skýrslan boðar.

Kostnaður vegna aukinnar vinnu hjá sýslumönnum.

Ný verkefni án nægilegrar fjármögnunar eru til þess fallin að veikja embætti sýslumanna og er lögð mikil áhersla á raunhæft kostnaðarmál á þeim nýju verkefnum sem hér eru ráðgerð. Bent er á að kostnaðarmeta einnig þau nýju verkefni sem sögð eru verða sjaldgæf og eiga að rúmast innan fjárheimilda. Hvert og eitt slíkt mál getur verið þungt í vinnslu. Einnig er alltaf um að ræða kostnað við innleiðingu nýrra reglna, það þarf eyðublöð, upplýsingaefni til almennings, breytingar á upplýsingakerfum, verkferla og starfsfólk þarf að tileinka sér breyttar reglur.

Ekki eru til upplýsingar um fjölda tilvika hjá Þjóðskrá Íslands, en engu að síður er því slegið föstu að erindi um viðurkenningu hjónabands verði fá. Hér skal bent á að reglan um að vafi eigi að leiða til sendingar máls frá ÞÍ til sýslumanns, gæti leitt til fleiri tilvika en hingað til.

Óhjákvæmilegt er að kostnaður falli til vegna túlkajónustu.

Selfossi, 3. febrúar 2022


Kristín Þórðardóttir
formaður

